

Samþykktir fyrir Menningarráð Vestfjarða

1. grein

Menningarráð Vestfjarða er ráð sveitarfélaga á Vestfjörðum. Heimili þess er á Vestfjörðum.

2. grein

Tilgangur ráðsins er að efla menningarstarf á Vestfjörðum.

3. grein

Tilgangi sínum hyggst Menningarráðið ná með því að standa fyrir öflugum þróunarstarfi í menningarmálum, hvetja til samstarfs og faglegra vinnubragða og stuðla að almennri vitund og þekkingu um menningarmál. Menningarráð Vestfjarða úthlutar fjármagni til menningarverkefna á Vestfjörðum samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál og hefur eftirlit með framkvæmd þess samnings.

4. grein

Á Vestfjörðum eru þrjú samstarfssvæði um menningarmál. Þau eru þannig skilgreind:

Strandir og Reykhólar: Reykhólahreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð og Bæjarhreppur.

Vestur-Barðastrandarsýsla: Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur.

Ísafjarðarsýslur: Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur.

5. grein

Aðildarfélagar Menningarráðs Vestfjarða eru sveitarfélög á Vestfjörðum sbr. samning á milli sveitarfélaganna frá 10/06 2007.

6. grein

Menningarráðið er þannig skipað sjö fulltrúum og sjö til vara; einn fulltrúi frá Strandasýslu og Reykhólum, einn fulltrúi frá Vestur-Barðastrandarsýslu, einn fulltrúi frá Bolungarvík og Súðavík og tveir fulltrúar frá Ísafjarðarbæ. Auk þess tilnefnir Fjórðungssamband Vestfirðinga tvo fulltrúa. Leitast verður við að skipa þannig í ráðið að þar sitji fulltrúar úr hópi sveitarstjórnarmanna og fulltrúar af vettvangi lista- og menningarmála.

Fulltrúar í stjórn Menningarráðs Vestfjarða skulu tilnefndir á fyrsta aðalfundi eftir kosningar til sveitarstjórna. Fulltrúar í ráðið skulu kosnir til fjögurra ára í senn. Stjórn skipar með sér verkum.

7. grein

Stjórn Menningarráðs Vestfjarða ræður sér aðila til að sjá um bókhald og reikningskil ráðsins. Menningarráðinu er heimilt að gera þjónustusamninga við viðurkennda aðila um að sinna skilgreindum, faglegum verkefnum á vegum ráðsins. Slíkir þjónustusamningar skulu greina ítarlega frá gagnkvæmum skuldbindingum þjónustukaupa og þjónustusala.

8. grein

Sveitarstjórnir á starfssvæðinu velja fulltrúa til aðalfundar Menningarráðs Vestfjarða. Fara

þeir með umboð viðkomandi sveitarstjórnar í samræmi við íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags þann 1. desember árið áður.

9. grein

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum Menningarráðs Vestfjarða. Skal hann haldinn fyrir lok júní ár hvert. Til hans skal boða með bréfi til allra aðildarsveitarfélaga með 30 daga fyrirvara hið skemmsta. Telst þá löglega til fundarins boðað.

10. grein

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- Skýrsla stjórnar um starfsemi ráðsins á liðnu starfsári.
- Ársreikningur ráðsins fyrir liðið ár lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðenda ef einhverjar eru.
- Kosin stjórn og varastjórn, og tveir skoðunarmenn reikninga. Skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna ráðsins.
- Ráðsstjórn leggur fram tillögur að fjárhagsáætlun næsta árs og breytingar á framlögum skv. samningi við ríkið.
- Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
- Önnur mál.

11. grein

Formaður Menningarráðs Vestfjarða skal setja aðalfundi. Fundurinn kýs sér fundarstjóra og fundarritara.

12. grein

Á aðalfundi ræður afl atkvæða á grundvelli íbúafjölda sveitarfélaga sbr. 8 gr. nema öðruvísi sé mælt um í landslögum. Ef tillaga fær jafnmörg atkvæði með og á móti telst hún fallin. Aðalfundarfulltrúi getur falið öðrum fulltrúa að fara með atkvæðisrétt sinn á aðalfundi með skriflegu umboði.

13. grein

Formaður kveður stjórnina saman til funda og stýrir þeim. Fundi skal boða hvenær sem stjórnarformaður telur þess þörf og/eða tveir stjórnarmanna óska þess. Stjórnarfundur skal boða með tryggilegum hætti.

Stjórnarfundur er ályktunarbær ef meirihluti stjórnarmanna situr fundinn. Forfallist stjórnarmaður skal boða varamann til þátttöku á stjórnarfundum meðan forföllin vara. Nú eru atkvæði jöfn og ræður þá atkvæði formanns, eða varaformanns í forföllum hans, úrslitum.

Samþykktir stjórnarinnar skulu bókfærðar og undirritaðar af þeim sem fundinn sitja.

Starfsmaður Menningarráðs sbr. 7. gr. á sæti á fundum ráðsins með undantekningum sem ráðið kann að setja.

Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

14. grein

Megin hlutverk stjórnar Menningarráðs Vestfjarða eru:

- Að marka stefnu ráðsins milli aðalfunda sem m.a. felst í því að standa fyrir öflugum þróunarstarfi í menningarmálum á Vestfjörðum, að hvetja til samstarfs og faglegra vinnubragða og stuðla að almennri vitund og þekkingu um menningarmál.
- Að hafa eftirlit með öllum rekstri ráðsins og sjá um að bókhald þess og fjármál séu í lagi.
- Að koma fram fyrir hönd Menningarráðs Vestfjarða fyrir dómstólum og stjórnvöldum.
- Að úthluta fjármagni til menningarverkefna samkvæmt samningi milli sveitarfélaga á Vestfjörðum og ríkisins.

15. grein

Reikningsár ráðsins er almanaksárið.

Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár og skal hann hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning. Skal hann gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun og heiti liða. Ársreikningur skal undirritaður af stjórn ráðsins og starfsmanni þess.

Þá skal ársreikningur staðfestur af löggiltum endurskoðanda.

16. grein

Í ársskýrslu skal gefa upplýsingar, sem eru mikilvægar við mat á fjárhagslegri stöðu ráðsins og afkomu á rekstrarárinu og ekki koma fram á efnahags- og rekstrarreikningi eða skýringum með þeim sbr. 52. gr. laga um ársreikninga. Þetta á einnig við um mikilvæg atriði sem fram hafa komið eftir lok reikningsársins.

17. grein

Menningarráðið skal fyrir lok febrúar ár hvert senda menntamálaráðuneytinu skýrslu um framkvæmd samningsins síðasta árið þar sem m.a. kemur fram skipting framlaga samkvæmt samningi milli sveitarfélaga og ríkis um menningarmál, afrit samninga við styrkþega og mat á árangri verkefna sem hlutu styrki.

18. grein

Samþykktum ráðsins verður aðeins breytt á aðalfundi. Skal tillaga um breytingu á samþykktum send með fundarboði. Breytingartillaga verður að berast stjórn ráðsins 6 vikum fyrir aðalfund. Tillaga til breytingar á samþykktum ráðsins telst samþykkt hljóti hún 2/3 hluta atkvæðamagns.

19. grein

Ákvörðun um að slíta Menningarráði Vestfjarða skal tekin á aðalfundi og skal hún hljóta minnst 2/3 hluta atkvæðamagns.

Hið sama á við um hvers konar samruna eða sameiningu Menningarráðs Vestfjarða við önnur félög og um sölu á eignum þess.

Fundur sá sem samþykkir á lögsmætan hátt að slíta Menningarráði Vestfjarða, kveður og á um hvernig ráðstafa skuli eignum þess og skuldum.

Ákvæði til bráðabrigða.

- 1. Þrátt fyrir ákvæði 6. greinar mun stjórn skipuð 10/06 2007 sitja út kjörtímabilið 2006-2010 eða á meðan menningarsamningur við ríkið er í gildi.**
- 2. Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. ákveður stjórn Menningarráðs þóknun fyrir stjórnarstörf ársins 2007.**

Þannig samþykkt á stjórnarfundum þann 11. júlí 2007.

Gunnar Hallsson, formaður
Leifur Ragnar Jónsson
Arnar S. Jónsson
Ólína Þorvarðardóttir, varaformaður
Inga S. Ólafsdóttir
Helga Dóra Kristjánsdóttir